



SENDIRÁÐ ÍSLANDS

Yfirlit frá Brussel

EES samstarf á sviði rannsókna og nýsköpunar, mennta- og menningarmála, íþróttar og æskulýðsmála

September 2015

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

TENGLAR:

Áætlanir

HORIZON 2020

Rannsóknir og nýsköpun

- Vefsíða ESB hér
- Íslensk vefsíða hér

Erasmus+

Menntun, íþróttir og æskulýðsmál

- Vefsíða ESB hér
- Íslensk vefsíða hér

Creative Europe

Menning og kvikmyndir

- Vefsíða ESB hér
- Íslensk vefsíða hér

Europe 2020

Flaggskip ESB í vísindum, menntun og menningu:

- Europe 2020

Sérstök stefnumál:

- Ungt fólk á faraldsfæti – Youth on the move
- Nýsköpunarsambandið – Innovation union
- Færni og störf – Agenda for new skills for jobs
- Stafræn Evrópa – Digital Agenda for Europe

Rannsóknir og nýsköpun

Fyrstu útgáfur [vinnuáætlana Horizon 2020 fyrir árin 2016-2017](#) koma nú út hver af annarri, þótt enn hafi almennt ekki verið opnað fyrir umsóknir. Vísindafólk, stofnanir og fyrirtæki geta því kynnt sér viðfangsefni sinna fræðasviða með góðum fyrirvara. Nánari upplýsingar um einstakar undiráætlanir veita [landstenglar hjá Rannís](#).

Getur Evrópa nýtt krafta vísindamanna í hópi flóttafólks? [Euraxess](#) hefur hleypt af stokkunum áhugaverðu verkefni, [science4refugees](#), sem felst í því að nýta krafta og kunnáttu vísindafólks sem gæti leynst meðal flóttamanna og hælisleitenda, í þeim miklu fólksflutningum sem nú eiga sér stað um alla Evrópu. Rannsóknastofnanir, sem hafa hug á því að ráða fólk til starfa, geta sent inn lýsingu á störfum en einnig getur vísindafólkið sjálft sent inn ferilsskrá sína.

Stefnumótun til framtíðar – Lund revisited. [Lund yfirlýsingin frá 2009](#) lagði línurnar að nálgun ESB í rannsóknum og nýsköpun innan Horizon 2020, en þar er hvatt til þess að nálgast samfélagslegar áskoranir með samstarfi og þverfaglegum rannsóknum, í stað þess að einblína á einstök fræðasvið. Þann 4. desember er boðað til ráðstefnu í Háskólanum í Lund í Svíþjóð þar sem yfirlýsingin verður rædd og uppfærð með tilliti til samfélagsáskorana dagsins í dag. Ráðstefnan nefnist [Lund revisited – Next steps in tackling societal challenges](#) og verður helstu stefnumótendum í rannsóknum og nýsköpun boðið að sitja ráðstefnuna.

Evrópukeppni ungra vísindamanna, EUCYS, var haldin 17.-22. september í Milanó. Þar kom saman margt af efnilegasta unga vísindafólki álfunnar, en keppendur þurfa fyrst að taka þátt í landskeppnum til að komast á EUCYS. Að þessu sinni tóku þrír ungir vísindamenn frá Háskóla Íslands þátt fyrir hönd Íslands, annars vegar þær Súsanna K. Guðmundsdóttir og Kristín B. Thorsteinsdóttir með verkefni sitt „The effects of volcanic ash on vegetation“ og hins vegar Örn Bjartmars Ólafsson með verkefnið „Milk in glass bottles“. Hægt er að lesa nánar um verkefnið og úrslit á [síðu keppinnar](#).

Framkvæmdastjórn ESB hefur auglýst í þriðja sinn eftir umsóknum vegna [EU Prize for Women Innovators](#). Markmiðið er styðja við konur í frumkvöðlastarfi og hvetja aðrar konur til að fylgja í fótspor þeirra. Keppnin er opin öllum konum sem hafa staðið að stofnun fyrirtækis og eru búsettar í Evrópusambandsríki sem og í löndum sem eru aðilar að rannsóknaráætlun ESB, þar með talið Ísland. Hægt er að sækja um til 20. okt. 2015.

Hvernig hefur tekist til við einföldun Horizon 2020? Þann 25. sept. boðaði yfirstjórn Horizon 2020 til fundar með hagsmunaaðilum til að ræða hvernig til hefði tekist að gera áætlunina einfaldari í framkvæmd en fyrri rammaáætlanir. Niðurstaðan var sú, að vel hefði tekist til varðandi rafrænt utanumhald samninga, á meðan enn væri ráðrúm til að frekari einföldunar á öðrum sviðum. [Horfa á upptöku fundarins hér](#).

[Fréttabréf Evrópska rannsóknaráðsins](#) (ERC) kom út í september, en það kemur út á ársfjórðungslega. Þar má lesa um starfsemi ERC og verkefni sem það styrkir.

[COST](#) auglýsir um þessar mundir eftir nýjum deildarstjóra, **Head of Science Operations**, til höfuðstöðvanna í Brussel, en [COST](#) er elsta núverandi samstarfsáætlun Evrópu í rannsóknum og nýsköpun.

Hér er einn forvitnilegur moli frá frændum vorum Dönnum, en háskóla- og vísindaráðuneyti þeirra er um þessar mundir að kynna á vettvangi ESB nýttkomna skýrslu um áhrif af þátttöku danskra háskóla, fyrirtækja og stofnanna í 6. og 7. rammaáætlununum. Þar kemur ýmislegt forvitnilegt fram, en sérstaklega eftirtektarvert er hversu vel gengur þegar kemur að birtingum vísindagreina sem tengjast verkefnum sem styrkt voru af áætlununum, einkum af 7. rá. [Skýrsluna má nálgast hér.](#)

Menntun og starfsþjálfun

Ráðstefnan **Education, Training and Youth Forum** verður haldin í fjórða sinn, dagana 19.-20. október í Brussel. Yfirskrift ráðstefnunnar að þessu sinni er **New priorities for European cooperation in education, training and youth**, en framkvæmdastjórn ESB hefur nýverið kynnt [sex ný forgangsmálefni](#) til ársins 2020 í þessum málaflokkum. Ráðstefnunni verður skipt í tvennt, fyrst verða haldnir fjórir stuttir fyrirlestrar í anda „TED-talks“ undir yfirskriftinni: **Innovative ideas for education, training and youth** og síðan verða pallborðsumræður um **Enhancing inclusion, fundamental values and active citizenship: the role of education, training and youth work**. Hér er [heimasíða ráðstefnunnar](#), aðgangsorðið er ETY-BE.

Framkvæmdastjórn ESB hefur tilkynnt [skarpari stefnu í evrópsku samstarfi á sviði menntunar og þjálfunar](#). Ákveðið hefur verið að leggja sérstaka áherslu á sex forgangsmálefni af þrettán, sem annars koma fram í [Europe 2020](#) stefnunni.

[Í frétt á heimasíðu Eurydice](#) er sagt frá stofnun [Menntamálastofnunar](#) á Íslandi. Þar er greint frá því að ný stofnun sameini Námsmatsstofnun og Námsgagnastofnun og sagt frá helstu verkefnum hennar.

[Eurydice](#) hefur gefið út skýrslu um tungumálapróf í hinum ýmsu Evrópulöndum, og er Ísland þar á meðal. Gerður er samanburður á hvernig tungumálakunnátta er metin á framhaldsskólastigi. Skýrsluna má nálgast hér: [Languages in Secondary Education: An Overview of National Tests in Europe – 2014/15](#).

Á vegum [Eurydice](#) hefur einnig verið gefin út árleg [samanburðarúttekt á launakjörum og skólastjórnenda og kennara í Evrópu 2014-2015](#), en þar kemur fram að laun kennara hafi aukist í flestum löndum Evrópu. Nær úttektin yfir öll aðildarríki ESB auk tengdra landa eins og Íslands.

Menning, kvikmyndir og margmiðlun

Sérstök [Creative Europe verkefnaleitarsíða](#) er starfrækt á vegum framkvæmdastjórnar ESB þar sem hægt er að finna og kynna sér verkefni sem hlotið hafa styrki úr Creative Europe og forverum þeirrar áætlunnar.

[Tólf bestu menningarhátíðir Evrópu](#) voru verðlaunaðar í fyrsta sinn í París þann 27. september, en hátíðirnar voru valdar úr hópi 760 hátíða í 31 landi. Viðurkenningin er veitt af [EFFE](#) sem stendur fyrir [Europe for Festivals – Festivals for Europe](#), en það eru samtök sem miðla upplýsingum um menningarhátíðir um alla Evrópu.

Ábyrgðarmaður

Aðalheiður Jónsdóttir
Vísinda-, mennta- og
menningarfulltrúi í Brussel
Netfang: alla@mfa.is

Æskulýðsmál og íþróttir

Framkvæmdastjórn ESB hefur gefið út [European Youth Report 2015](#) sem gefur heildarmynd af stöðu ungs fólks í Evrópu í dag, og hvernig stefnumótun hefur verið háttað í málaflokknum sl. tvö ár. Góðu fréttirnar eru þær, að ungt fólk hefur aldrei verið eins vel menntað og í dag og brottfall úr skóla fer minnkandi innan Evrópu.

[Evrópska íþróttavikan](#) var haldin í fyrsta sinn dagana 7.-13. september. Markmiðið var að kynna ýmsar íþróttagreinar og hvetja almenning til að stunda íþróttir. Kassamerkið **#BeActive** var notað á samfélagsmiðlum til að hvetja Evrópubúa víðsvegar um álfuna til að hreyfa sig. Hér er [efni um helstu viðburði vikunnar](#).

[Hvað er að gerast á sviði íþróttanna innan ESB?](#) Heiti þetta vísar í upplýsingarit um stefnu ESB íþróttamálum, þar sem fram koma upplýsingar um styrki til íþróttanna innan Erasmus+, auk þess sem gefin eru dæmi um íþróttaverkefni.